

74. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd 5. október 2005, kl. 20:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Guðmundur Kristinsson, Guðbrandur Björgvinsson, Emil Guðbjörnsson, Helgi B. Haraldsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá.

1. Stefán Ólafsson sækir um leyfi til að byggja einbýlishús að Hjallatanga 30 samkvæmt teikningum frá AL- Hönnun ehf. dags. 05.09.05, samtals 207,0 m², 650,3 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals...
2. Emil og Bergur hf. óska eftir leyfi til að byggja 5 íbúða raðhús við Borgarhlíð 1, 3, 5, 7 og 9, samkvæmt teikningum frá Glámu Kím dags. 16.09.05, samtals 407,3 m², 1371,3m³.
Emil Guðbjörnsson sat hjá undir öðrum lið.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals...
3. Lagðar fram og kynntar tillöguteikningar frá Íslandspósti af póstmíðstöð við Aðalgötu. Tillöguteikningum er vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.
Erindi lagt fram til kynningar.
4. Kristinn Bjarnason sækir um að byggja bílskúr við Laufásveg 3, samkvæmt teikningum frá verkfræðistofu EK, dags. okt. '05. , samtals 34.m², 120.4.m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals...
5. Olíuverslun Íslands sækir um leyfi til að setja upp verðskilti við þjónustustöð félagsins að Aðalgötu 25, sbr. teikn. dags. 06.02.'05.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000,-
6. Sigurborg Sturludóttir og Þorsteinn Jónsson sækja um leyfi til að breyta gluggum á Skólastíg 6, (Péturshúsi) í upprunalega mynd.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000,-
7. Lagt fram bréf til skipulags- og byggingarnefndar frá Símoni Sturlusyni vegna umferðar um Tjarnarás.
Erindi lagt fram. Hugmyndir voru einnig ræddar um lokun á Tjarnarási við Búðanesveg.

8. Tillaga Davíðs Sveinssonar að Sæbraut verði látin heita “Súgandiseyjargata”. Tillagan er vísuð af bæjarráði til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd.
Tillaga lögð fram.
9. Deiliskipulag athafnasvæðis austan við Birgisborg. Deiliskipulagstillaga lögð fram ásamt skilmálum.
Farið var yfir skilmála og drög að deiliskipulagstillögu. Nefndin samþykkir að vinna deiliskipulagstillögu út frá framlögðum gögnum.
10. Beiðni frá Haraldi Sigurðssyni Bókhöðustíg 10 um að staðsetja bílskúr neðar í lóð en samþykktar teikningar sýna.
Erindi frestað.
11. Deiliskipulagstillaga af þjónustu og verslunarsvæði vestan við Aðalgötu 25.
Tillaga lögð fram til kynningar.
12. Elfar Gunnlaugsson Ásklifi 2 sækir um að byggja bílskúr og tengibyggingu samkvæmt teikningum frá Gunnlaugi Lárussyni, mótt. 4.10. '05. Samtals 42,2 m², 120 m³.
Erindi samþykkt. Brunavarnir skulu vera í samræmi við bygg.reglugerð. Gjöld samtals kr...
13. Gestur Hólm Kristinsson sækir um leyfi til að setja göngudyr á norðurhlíð kjallara hússins við Austurgötu nr. 4a, sbr. bréf dags. 5. 10. '05.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr...
14. Önnur mál.
 - 14.a Víkursvæði deiliskipulag.
Nefndin leggur til að Víkurland frá Víkurhverfi að Baulutanga verði deiliskipulagt í heild sinni.
 - 14.b Bókun.
Emil Guðbjörnsson leggur til að Stykkishólmsbær kaupi braggann við Aðalgötu 28, sem Sigurður Ágústsson hefur auglýst til sölu.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt..
Fundi slitið kl. 21:50

Helgi B. Haraldsson (sign),
Emil Guðbjörnsson (sign),
Guðbrandur Björgvinsson (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Gretar D. Pálsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

BV.